AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 – 2012, Haukadalur III (golfvöllur), Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að hluti svæðis sem nú er skilgreint sem blönduð landnotkun íbúðarsvæðis, verslunar- og þjónustusvæðis og opins svæðis til sérstakra nota við Geysi í Haukadal breytist í opið svæði til sérstakra nota fyrir golfvöll. Ennfremur minnkar frístundabyggðarsvæði vestan Geysis vegna golfvallarins og einnig að litlu leyti landbúnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

Nr. 558 11. júlí 2003

SAMÞYKKT

um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúans í Reykjavík.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar skipulags- og byggingarnefndar, mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögunum.

2. gr.

Undanskilin frá afgreiðslum skv. 1. gr. eru nýbyggingar, byggingarskilmálar, nafngiftir á götum, vegum og torgum, ásamt beitingu ákvæða í VI. kafla laganna eftir því sem við á, sbr. þó heimildarákvæði 4. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd. Nefndin getur ákveðið að fela byggingarfulltrúa afgreiðslu einstakra nýbygginga.

3. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur hann gefið út byggingarleyfi að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmála og öðrum samþykktum Reykjavíkurborgar um byggingarmál.

Byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 1. gr. til afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar, sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarnefndar og bókaðar í fundargerð og hljóta afgreiðslu borgarstjórnar með sama hætti og samþykktir skv. IV. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

5. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

6. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa er honum heimilt að skjóta afgreiðslu hans til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og 10. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Skal aðilum leiðbeint um kærufrest þegar um kæranlega ákvörðun er að ræða.

7. gr.

Ofangreind samþykkt borgarráðs Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 7. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 661/2000 með sama heiti.

Umhverfisráðneytinu, 11. júlí 2003.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Smári Þorvaldsson.

9. júlí 2003 Nr. 559

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000 – 2012, Efra-Apavatn, Leynir I og II og Mýri í landi Snorrastaða, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að 4 svæði sem skilgreind eru sem landbúnaðarsvæði verða svæði fyrir frístundabyggð. Um er að ræða 86 ha svæði við Efra-Apavatn auk 33 ha svæðis á sömu jörð sem er þegar byggt en láðist að skilgreina sem frístundabyggðarsvæði í aðalskipulaginu, 16 ha við Leyni I og II og 12 ha við Mýri. Svæðin eru stækkun á núverandi frístundabyggðarsvæðum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.